

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1311**

2024/EES/83/72

frá 3. maí 2024

**um færslu heitis í skrána yfir landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki („Trenčianska borovička
„JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 var umsókn Slóvakíu um að skrá heitið „Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“ birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾.
- 2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.
- 3) Því ætti að skrá heitið „Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“ sem landfræðilega merkingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Landfræðilega merkingin „Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“ er hér með skráð. Reglugerð þessi veitir landfræðilegu merkingunni „Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“ vernd þá sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 í samræmi við 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1311, 8.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2019/787/oj>.

(2) Stjtið. ESB C, C/2023/1632, 22.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2023/1632/oj>.